

Bjarni Reykjálín,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Kjarni
650 Laugar



Reykjavík, 20. janúar 2015
Tilvísun: UST20150100030/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022 og deiliskipulag við Goðafoss

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022 á svæði við Goðafoss og lýsingu tillögu deiliskipulags fyrir sama svæði.

Fram kemur í lýsingu að ætlunin er að í tillögu að breyttu aðalskipulagi verði gert ráð fyrir verslunar- og þjónustureit við Goðafoss. Auk þess er áætlað að setja inn skilmála um leyfilegt byggingarmagn innan svæðisins. Einnig kemur fram að ætlunin er að gera grein fyrir nýju brúarstæði og breyta legu þjóðvegjar. Nýtt brúarstæði er sýnt norðar en núverandi brú.

Í lýsingu tillögu að deiliskipulagi sama svæðis kemur fram að gerð verður grein fyrir legu stíga, vega og bílastæða auk útsýnisstaða og þjónustubyggingu með salernisaðstöðu og að ætlunin er að bora fyrir köldu vatni og ganga frá fráveitu/rotþró skv. reglugerð. Einnig verða sett fram bráðabirgðaákvæði fyrir vinnubúðir vegna áætlaðra veg- og brúarframkvæmda.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í lýsingu er Goðafoss á náttúruminjaskrá, og eru fossinn, gljúfrið neðan hans og næsta nágrenni innan svæðis á náttúruminjaskrá. Einnig kemur fram í lýsingu að tillögusvæðið er á grónu hrauni svokölluðu Bárðardalshrauni. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er eldhraun jarðmyndun er nýtur sérstakrar verndar og skal forðast röskun þess eins og kostur er. Því er mikilvægt að skilja hraunmyndanir eftir óraskaðar þegar þess er kostur. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að staðsetning þjónustuhúss sé valin þannig að það skyggi sem minnst á ásynd að ánni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask.

Umhverfisstofnun tekur undir það að væntanleg bílastæði eru áætluð fjær fossinum en núverandi stæði, ekki síst vegna sjónrænna áhrifa. Umhverfisstofnun bendir á að fjöldi slóða hefur myndast við umferð gesta að fossinum og bendir á mikilvægi þess að stígakerfi verði

einfaldað, stígar verði skýrt afmarkaðir og gerðar verði áætlanir um að afmá þá stíga sem ekki er þörf á. Einnig er mikilvægt að gerðar verði áætlanir um að endurheimta staðargróður þar sem slóðar og troðningar hafa valdið gróðurskemmdum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við áætlanagerð sé gert ráð fyrir að framkvæmdir falli vel að svæðinu og skyggi ekki á ásýnd fossins. Stofnunin bendir á að fráveita skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri